

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vestur-umdöminu).¹

Samkvæmt áætluninni um tekjur og gjöld landsins frá 6. nóvember 1874 3. grein, ber á þessu ári að greiða til endurgjalds alþingiskostnaði 14,000 krónur, og ber að jafna á lausafjórðungið, eins og þau teljast fram til tíundar, einum fjórða parti aftjæðri upphæð, eða 3,500 krónum, en af þeim falla samkvæmt skýrslum þeim, sem landshöfðingjanum hafa borizt, um tölu lausafjórðundaðanna á síðastliðnu hausti, þessar upphæðir á hvert amt.

1,092 kr. 52 aur. á suðuramtið,	lausafjórðungið 18,610
653 - 93 - - - - - vesturamtið	11,139
1,753 - 55 - - - - - norður- og austur-amtið	29,870 ²

og býst jeg við, að þjer herra amtmaður greiðið í landssjóð úr jafnaðarsjóðum þeim, sem eru undir stjórn yðar, þær samtals 1746,45 krónur, sem falla á suður- og vestur-amtið.

Brjef landshöfðingja (til póstmestarans).

Eptir að hafa meðtekið þóknanlegt álit herra póstmestarans um beiðni, sem hingað hefur komið frá sýslumanninum í Skagafjarðarsýslu um, að Höfðastrandarpósturinn, sem nú fer frá Viðimýri, verði látinn leggja leið sína vestan Hjeraðsvatna, um Glaumbæ á Lángholti og svo yfir um Hegranesið og Viðvíkur sveitina, — skal leið þessi fyrir nefndan aukapóst hjermeð samþykkt, og eruð þjer herra póstmestari beiðinn að ráðstafa því, sem nauðsyulegt er í þessu tilliti með norðurlandspósti þeim, sem fer hjeðan í þessum mánuði.

Brjef landshöfðingja (til amtmannsins yfir suður- og vesturumdöminu).

Eptir að hafa meðtekið skýrslur herra amtmannsins frá 19. og 20. þ. m. um heilbrigðisástand sauðfjárens í Árnes- Gullbringu- Kjósar og Borgarfjarðarsýslum og um ráðstafanir þær, sem amtið hefur gjört og ællar að gjöra til þess að eyða fjárkláða þeim, sem á síðast liðnum vetri hefur orðið vart við á ýmsum bæjum í hinum nefndu sýslum fyrir vestan Brúará, Hvítá og Ölfusá í Árnessýslu og fyrir sunnan Hvítá í Borgarfirði, skal jeg með þessu brjefi þjónustusamlega hafa yður umbeiðinn að láta, jafnframt því og þær hálfsmánaðar skoðanir, er þjer getið um, eru látnar halda sjer, almennar skoðanir fara fram innan útgöngu næstkomandi aprilmánaðar á öllu fjenu í hreppum þeim, þar sem borið hefur á kláðanum í vetur, og leggja fyrir sýslumenn að sjá um, að skýrslur um skoðanir þessar verði sendar amtinu svo tímanlega, að nákvæm og áreiðanleg skýrsla um heilbrigðisástand sauðfjárens í öllum hreppum þeim, sem eru á þinu nefnda svæði, geti verið komin hingað innan 6. maí næstkomandi.

Eptir því, sem þjer skýrið frá, virðist fjárkláðinn hingað til að hafa komið fram á

1875

19

20sta
marts.

20

20sta
marts.

21

22an
marts.

1) Sama dag var skrifað amtmanninum yfir norður- og austur-umdöminu á sömu leið, og hann beiðinn að greiða 1753,55 krónur úr jafnaðarsjóði þeim, er hann veitir forstöðu.

2) Lausafjórðungið þeirra manna, sem ekki telja fram til tíundar meira en 1 hundrað, er sleppt.

Hin gjaldskyldu hundruð töldust þannig í hinum einstöku lögsagnarumdömunum.

Skaptafellssýslu	4,654	Mýrasýslu	2,088	Húnavatnssýslu	5,994
Rangárvallasýslu	4,739	Suðfellsnes- og Hnappadalssýslu	1,784	Skagafjarðarsýslu	4,852 ^{1/2}
Vestmannaeyjasýslu	160	Dalasýslu	2,122	Eyjafjarðarsýslu	4,421
Árnessýslu	5,355	Barðastrandarsýslu	1,770	Þingeyjarsýslu	4,491 ^{1/2}
Gullbringu- og Kjósar-sýslu	1,754	Strandasýslu	1,226	Norðurmúlasýslu	5,468
Borgarfjarðarsýslu	1,948	Ísafjarðarsýslu og kaupstað	2,149	Suðurmúlasýslu	4,643